

LANDPÓSTURINN

4. tbl. 10. árg. Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391, 125 Reykjavík. ábm.: Matthildur Kr. Elmarsdóttir



Stjórnarskipti

Á aðalfundi félagsins 31. mars s.l. voru kjörnir 3 nýjir fulltrúar í stjórn í stað Guðrúnar Höllu Gunnarsdóttur, Sigmars Metúsalemssonar og Kristins Einarssonar. Nýja stjórnin hefur haldið sinn fyrsta fund og skipt með sér verkum. Stjórnina skipa nú Karl Benediktsson (jarð- og landfræðiskor HÍ) formaður, Matthildur Kr. Elmarsdóttir (Skipulagsstofnun) varaformaður og ábyrgðarmaður fréttabréfs, Guðrún Ólafsdóttir (jarð- og landfræðiskor HÍ) meðstjórnandi og fulltrúi stjórnar í ritnefnd Landafréðisins, Helga Barðadóttir ritari og Sigurgeir Skúlason (sjálfstætt starfandi) gjaldkeri.

Goroka, kol ples: Inga Ingibjörg Guðmu Frá Papúu Nýju Gíneu Bröttubrekku 1 - fræðslufundur 16. apríl - 200 Kópavogi

Karl Benediktsson landfræðingur heldur erindi á veg landfræðinga fimmtudaginn 16. apríl klukkan 20.30 í stofu 201 í Odda. Öllum er heimill aðgangur.

Karl hefur nýverið lokið doktorsprófi frá The Australian National University í Canberra, Ástralíu, og mun í erindinu segja frá vettvangsrannsókn sinni í Asarodal í hálöndum Papúu Nýju Gíneu. Rannsóknin snerist um tilurð og þróun markaða í landbúnaðarsamfélögum hálöndanna, og þær breytingar sem þetta hefur haft í för með sér.

Fólk á þessum slóðum bjó til skamms tíma við sjálfsþurftabúskap. Tilkoma markaðsviðskipta hefur breytt ýmsu í efnahagslífi og samfélagsgerð, en jafnframt lifa mörg einkenni gamla samfélagsins góðu lífi. Þar á meðal eru gjafaskipti, sem skipta afar miklu máli í daglegu lífi, en sem byggjast á allt öðrum forsendum en viðskipti á markaði. Breytt landnýting, ásamt með mikilli fólksfjölgun, vekur einnig spurningar um það hvort umhverfinu kunnir að verða ofboðið í náinni framtíð.

Karl mun nota skyggjur og tóndæmi til að gefa almenna hugmynd um náttúru og mannlíf í þessu litríka landi. Boðið verður upp á kaffi - að sjálfsgöðu ekta nýmalað arabica frá Papúu Nýju Gíneu.

Skýrsla stjórnar 1997-98

Ágætu félagsmenn,
Ellefta starfsári Félags landfræðinga er nú að ljúka.

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn fimmtudaginn 20. mars 1997 í Jarðfræðahúsi Háskólans kl. 20. Til fundarins mættu aðeins 9 manns þrátt fyrir að auk aðalfundar væri á dagskrá fyrirlestur Sigmars Metúsalemssonar um Niðurstöður kortlagningar á jarðvegsrofi.

Að venju áttu tveir að ganga úr stjórn auk formanns þ.e. Anna Dóra Sæþórsdóttir og Guðrún Ólafsdóttir. Anna Dóra baðst undan endurkjöri og var Helga Barðadóttir kosin í hennar stað. Guðrún Ólafsdóttir gaf áfram kost á sér og sama var að segja um formanninn, Guðrúnu Höllu Gunnarsdóttur og voru þær einróma endurkjörnar. Frá fyrra ári sátu áfram Kristinn Einarsson og Sigmar Metúsalemsson. Endurskoðendur reikninga félagsins þeir Árni Þór Vésteinsson og Tryggvi Jakobsson voru og endurkjörmir. Engar tillögur voru gerðar um lagabreytingar og samþykkt var að hafa árgjaldið það sama og undanfarin ár þ.e. 2.000- krónur. Á fundinum kom einnig til dreifingar nýtt eintak af Landabréfinu.

Stjórnin skipti sem hér segir með sér verkum á fyrsta fundi sínum: Guðrún Halla formaður, Kristinn varaformaður og ábyrgðarmaður fréttabréfs, Sigmar gjaldkeri, Helga ritari og Guðrún meðstjórnandi og fulltrúi stjórnar í ritnefnd

Störf stjórnar og útgáfumál :

Formlegir stjórnarfundir á starfsárinu voru 7 auk smærri vinnufunda, símtala, símbréfa og rafrænna póstsendinga. Rætt var um ýmis mál s.s. útgáfu, fræðslufundi, ráðstefnu, landfræðináms og kennslu, miðlun upplýsinga og starfsvettvang landfræðinga.

Fréttabréfið Landpósturinn kom út 5 sinnum á starfsárinu og sá Kristinn um útlit þess og uppsetningu, auk þess sem það var sent á rafrænu formi til þeirra sem vitað er að hafi netfang og fréttatilkynningar voru sendar til fjölmiðla vegna fyrirlestra.

Tímaritið Landabréfið hefur verið í vinnslu á starfsárinu og verður það að því leyti ólíkt síðustu tölublaðum að efni hefur verið safnað úr ýmsum áttum. Horfur eru á að blaðið komi út fyrir vorið. Í ritstjórn hafa að undanfögnu setið þau: Guðrún Ólafsdóttir, Árni Þór Vésteinnsson og Guðbjörg Gunnarsdóttir auk ritstjórans Nielsar Bjarka Finsen.

Skráðir félagsmenn í dag eru 137 og eru 13 þeirra skráðir erlendis auk 2 til viðbótar sem eru með óþekkt heimilisfang innanlands eða utan. Af þessum 137 hafa 49 manns netfang og fá þar með netútgáfu Landpóstsins.

Skemmti- og fræðsludagskrá liðins starfsárs :

Nokkrir fróðlegir og skemmtilegir fyrirlestrar voru sem fyrr haldnir á vegum félagsins þetta starfsár og voru þeir allir hér í stofu 201 í Odda í Háskóla Íslands.

- Formaðurinn, Guðrún Halla Gunnarsdóttir hjá Skipulagi ríkisins, reið á vaðið 8. október 1997 og sagði frá tillögu að Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands, sem þá var í formlegri auglýsingu skv. skipulagslögum og mættu 25 manns.

- Árni Jón Eliasson hjá RARIK á Kirkjubæjarklaustri sagði frá forvitnilegum rannsóknnum hérlendis á Ísingu á raflinum þann 5. nóvember 1997. Því miður voru aðeins tveir áheyrendur.

- Boðað var til sameiginlegrar kráarferðar á Dubliners 3. desember 1997 og mættu þar 7 félagsmenn og skemmtu sér konunglega.

- Ásgeir Jónsson og Elín Fjöla Þórarinsdóttir nýkomin úr langferð fjölluðu 29. janúar 1998 um Landeyðingu í Ástralíu og sýndu myndir frá dvöl sinni þar. Til fundarins mættu 15 manns.

- Anna Dóra Sæþórsdóttir fjallaði um Virkjanir og ferðamennsku þann 26. febrúar 1998 og sló fyrirlestur hennar öll aðsóknarmet hjá félaginu, þar mættu yfir 50 manns.

- Sam Cole prófessor við landfræði- og skipulagsdeildir ríkisháskóla New York í Buffalo hélt gestafyrirlestur hjá félaginu 12. mars 1998 sem hann nefndi "Living with Uncertainty, Disaster and Acts of God", þar sem hann fjallaði um líkan til að meta hvernig áföll af öllu tagi verka á fólk og berast þaðan um þjóðfélagið. Þetta kvöld mættu 16 manns.

Þetta starfsárið var hvorki haldin ráðstefna né árshátíð á vegum félagsins. Stjórnin hafði ákveðið að halda ráðstefnu þann 13. mars 1998 þar sem fjalla átti um ástandið í kortamálum á Íslandi. Íslenska kortagerðarfélagið og LÍSA höfðu ákveðið að standa að þessari ráðstefnu með Félagi landfræðinga en þegar leið á febrúarmánuð og undirbúningur var í fullum gangi kom upp sú staða hjá Landmælingum Íslands að félögin sáu sér ekki fært annað en að fresta ráðstefnunni til haustsins 1998.

Önnur mál :

- Helga Barðadóttir sótti aðalfund Landverndar sem haldinn var í Norræna húsinu.
- Auður Pálsdóttir sem tilnefnd var fyrir hönd félagsins á síðasta starfsári, starfaði áfram við endurskoðun námsskrár grunn- og framhaldsskóla.
- Samstarf við EuroGeo hefur verið í lágmarki en þó hefur alltaf borist einhver póstur frá Hollandi.
- Nú í þessum mánuði hafa borist frá Alþingi tvö frumvörp til laga þar sem óskað er eftir umsögnum félagsins en stjórninni hefur ekki unnist tími til að fara yfir þau mál. Það sama var uppi á teningnum í maí í fyrra þegar stjórnarmenn voru að tvístrast um landið í vinnu og fríum.
- Náttúrufræðingatalið og útgáfa þess er í einhverri úlfakreppu sbr. upplýsingar frá Þorbjörgu Kr. Kjartansdóttur fulltrúa félagsins í ritnefnd þess. En FIN vill draga sig út úr fjárhagslegri ábyrgð á frekari vinnslu Náttúrufræðingatalsins (á framhaldsaðalfundi FIN var 3 manna hópi falið að kanna það), en þeir hafa þegar greitt 4-5 milljónir í vinnulaun til ritstjóra. Ritnefndin sjálf vill hins vegar að leitað verði allra leiða til að fá Þjóðsögu eða annan aðila til að ljúka verkinu en að FIN verði losað undan peningahlíðinni. Hvort eða hvernig ritnefnd verður starfandi er því allt óljóst en stjórnir viðkomandi félaga þurfa að koma að málinu á einhverju stigi enda samningar við þau í fullu gildi.

Ég vil nú nota tækifærið og þakka núverandi og fyrrverandi stjórnarmönnum, endurskoðendum og fyrirlesurum þessa árs og fyrri ára, starfsmönnum einstakra funda, ritnefnd og ritstjóra ásamt öðrum félagsmönnum kærlega fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Jafnframt vil ég þakka fyrir ánægjulegar samverustundir að minnsta kosti undanfarin 7 ár sem ég hef setir hér í stjórn, þar af 5 sem formaður félagsins. Ég tel að félagið eigi ennþá bjarta framtíð sem fagfélag enda hefur félagaskráin næstum tvöfaldast á þessu árabili. Á tímum hraða og tölvutækni er hins vegar spurning hvað sömu einstaklingarnir geta verið virkir í mörgum félögum og því þarf á næstu árum að athuga möguleika á nánari samvinnu eða samruna félaga á þessu fagsviði.

Reykjavík 31. mars 1998
Guðrún Halla Gunnarsdóttir
formaður Félags landfræðinga